



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Tækniteiknun

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Technical drawer

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- skilur lagskiptingu, línubykkir, blaðuppsetningar, plottstíla og notkun teikninga sem grunn undir aðrar teikningar, auk aðferðafræði BIM samhæfðs hugbúnaðar
- les úr teikningum og útskýrir þær, leggur fram teikningar ásamt tilheyrandi vinnugögnum, ber ábyrgð á því að þær séu rýndar og gerir viðeigandi lagfæringar að rýni lokinni. Merkir teikningar og gengur frá þeim í samræmi við gildandi reglugerðir, staðla og vinnureglur
- tekur við skissum og vinnugögnum og teiknar upp í tvívíðum eða þrívíðum teikniforritum
- býr til hnitaskrár, tekur saman fleti, lengdir og magntölur, með og án aðstoðar BIM
- tekst á við sérhæfð verkefni, svo sem stafræna myndatöku og einfalda myndvinnslu
- notar teikniforrit, staðlaðar uppsetningar og form fyrir t.d. teikniverkefni. Sér um uppfærslu teiknigrunna og annast teikningaskrár og teikninganúmerakerfi
- gengur frá vinnugögnum með skipulögðum hætti, tekur þátt í skipulagningu við vistun skjala og ber ábyrgð á möpputrygging. Sér um uppsetningu og viðhald samsettra þrívíddarmóðela til samræmingar og árekstraprófana
- skilur skráarsamskipti, t.d. með netpósti eða í gegnum netþjóna og þekkir kosti og takmarkanir mismunandi rafræna samskiptaforma. Skilur grundvallarvirkni netkerfa og jaðartækja
- hefur grunnskilning á verkáætlunum og áætlanahugbúnaði og þekkir aðferðafræði gæðastjórnunar og vottana
- fer eftir almennum siðareglum og sýnir virðingu gagnvart faginu og höfundarrétti
- annast samskipti við prentstofur um prentun, frágang og dreifingu teikningasetta
- sýnir viðskiptavinum þjónustulund og trúnað
- sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og getur tjáð sig um fagleg málefni.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Tækniteiknari vinnur við framsetningu og útgáfu teikninga og tilheyrandi gagna á teiknistofum fyrirtækja, ráðgefandi verkfræðinga, arkitekta, ríkisstofnana, bæjarfélaga og hjá fleiri aðilum.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency © Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs og tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla sex annir, námstími samtals 108 vikur að próftíma meðtöldum.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is